



# 380 Slysátrygging launþega

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 1. Vátryggingarsvið, lög um vátryggingarsamninga og hugtök.

- 1.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir eins og greinir í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 1.2 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um vátryggingarsamninga nr. (númer) 30/2004.
- 1.3 Í vátryggingarskilmálum þessum eru hugtökín félagið (TM tryggingar hf.), vátryggingartaki og vátryggður notuð í sömu merkingu og í II. hluta laga um vátryggingarsamninga, sbr. (samanber) 62. gr. (grein) laganna.
- 1.4 Með orðinu "**slys**" er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.
- 1.5 Bætur greiðast því aðeins að slysið sé aðalorsök þess, að vátryggður deyr eða missir starfsorku sína að nokkru eða öllu leyti.

### 2. Gildistími, uppsögn og greiðsla iðgjalds.

- 2.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. (samkvæmt) 3. mgr. (málsgrein). Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé vátryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.
- 2.2 Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. getur vátryggingartaki ekki sagt vátryggingarsamningnum upp á vátryggingartímanum til að flytja vátrygginguna til annars félagsins.
- 2.3 Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja vátryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.
- 2.4 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 2.5 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 3. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur vátryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 2.6 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 4. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 2.7 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 2.8 Falli vátrygging niður skv. 4. mgr. skal vátryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 2.9 Vátrygging til skemmri tíma en árs endurnýjast ekki nema eftir umsókn.
- 2.10 Uppsögn skal vera skrifleg.
- 2.11 Í upphafi hvers vátryggingarárs skal áætla iðgjald samkvæmt upplýsingum vátryggingartaka um áætlaðan fjölda vinnuvikna í hverjum áhættuflokki. Vátryggingartaka er skylt að láta félaginu í té, innan tveggja mánaða frá lokum vátryggingarársins, allar þær upplýsingar, sem það telur nauðsynlegar til endanlegrar iðgjaldsákvörðunar. Vanræki vátryggingartaki að gefa upplýsingarnar í tæka tíð, má félagið ákveða endanlegt iðgjald eins og það telur sanngjarnt. Ef hið endanlega iðgjald er hærra en bráðabirgðaiðgjald það, sem greitt hefur verið, ber vátryggingartaka að greiða mismuninn innan viku frá því að þess var krafist. Sé endanlegt iðgjald lægra en bráðabirgðaiðgjaldið, ber félaginu að endurgreiða mismuninn innan viku frá því að útreikningurinn fór fram.

## 380 Slysáttrygging launþega

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

2.12 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

#### 3. Hvar vátryggingin gildir.

3.1 Vátryggingin tekur til slyss sem vátryggður verður fyrir við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili sínu til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Ef vátryggður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en vátryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.

3.2 Vátryggingin gildir jafnframt í ferðum vátryggðs innanlands og utanlands sem farnar eru á vegum vátryggingartaka. Ef vátryggður dvelst vegna starfs síns að jafnaði utan EES (Evrópska efnahagssvæðisins) lengur en í sex mánuði ber að tilkynna það félaginu skriflega, sbr. og gr. 8.1.

#### 4. Íþróttaiðkun o.fl.

4.1 Vátryggingin nær til slysa er verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki, enda hafi slíkt farið fram á vegum vátryggingartaka eða starfsmannafélags hans og ætlast hafi verið til þátttöku vátryggðs í slíkri iðkun sem hluta af starfi hans. Ekki skiptir máli að þessu leyti hvort slysið verður á hefðbundnum vinnutíma eða utan hans.

#### 5. Takmarkanir á bótaskyldu.

5.1 Félagið bætir ekki:

- slys sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneyti og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða,
- slys er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum drekaflugi, svifflugi, teygjustökki, fjallaklifri sem krefst sérstaks búnaðar, bjargsigi, froskköfun og fallhlífarstökki,
- slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli,
- slys sem verða í flugi nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda,
- slys sem vátryggður verður fyrir við þátttöku í refsiverðum verknaði,
- slys sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss,
- slys sem orsakast af matareitrun eða drykkjareitrun,
- slys sem orsakast af neyslu vímuefna,
- slys vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs,
- slys vegna hvers konar líffræðilegra eða efnifræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka,
- hvers konar tjón, beint eða óbeint, sem rekja má til asbests.

5.2 Valdi vátryggður vátryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi fer um ábyrgð félagsins eftir því sem segir í 89. og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga.

5.3 Ef atvik, sem að jafnaði myndu falla undir ákvæði b., c., d. eða g. liðs 1. mgr., eru hluti af atvinnuáhættu starfsmanna eða tiltekins hóps starfsmanna, getur vátryggingartaki samið svo um að vátryggingin taki einnig til slíkrar áhættu. Skal vátryggingartaki þá veita félaginu nauðsynlegar upplýsingar svo það geti metið áhættuna og ákveðið iðgjaldið.

#### 6. Takmörkun á bótaskyldu vegna slysa sem eru bótaskyld úr lögboðnum ökutækjatrýggingum.

6.1 Ekki greiðast bætur úr vátryggingunni vegna slysa sem hlotist hafa af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja og eru bótaskyld úr lögboðnum ökutækjatrýggingum, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysáttryggingu ökumanns og eiganda skv. umferðarlögum, nema annað leiði af kjarasamningum. Sama gildir, ef bótaréttur hefur stofnast á grundvelli lagareglna og annarra stjórnvaldsreglna um ábyrgð vegna tjóna af völdum óvátryggðra og óþekktra ökutækja.

#### 7. Takmarkanir á bótaskyldu vegna náttúruhamfara.

7.1 Ef jarðskjálfti, eldgos, flóð, skriðuföll eða aðrar náttúruhamfarir valda slysi í einum og sama atburði á



## 380 Slysátrygging launþega

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

mörgum einstaklingum, sem váttryggðir eru í atvinnuslysátryggingu launþega, takmarkast heildarbætur félagsins við 600 milljónir króna og skiptast bætur hlutfallslega á milli bótaþega. Fjárhæð þessi miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í febrúar 2008 (282,6 stig) og hækkar í byrjun hvers almanaksárs í réttu hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölunni.

- 7.2 Takmörkun sú á bótaskyldu, sem um getur í 1. mgr., gildir þótt hinir slösuðu séu ekki launþegar sama váttryggingartaka.

#### 8. Áhættubreyting.

- 8.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna tekur m.a. (meðal annars) mið af störfum váttryggðra eins og þau eru tilgreind í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og að dvöl utan EES vari ekki lengur en í sex mánuði í senn, sbr. gr. 3.2. Verði breytingar á aðstæðum váttryggðra að þessu leyti eða af öðrum ástæðum, sem tilgreindar eru í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og iðgjaldið tekur mið af, ber váttryggingartaka að tilkynna það til félagsins þegar í stað. Slík tilkynningarskylda hvílir einnig á váttryggingartaka, ef breyting verður á áhættunni í tilvikum sem greinir í gr. 5.3. Hefur félagið rétt til að hækka iðgjaldið frá þeim tíma er áhættubreytingin varð.

- 8.2 Hafi félaginu ekki borist tilkynning samkvæmt 1. mgr. í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir breytinguna og leiði vanrækslan til þess að iðgjaldið verður ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega fyrir sérhvern váttryggingarburð.

#### 9. Svik og rangar upplýsingar.

- 9.1 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingarburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 83. gr. váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 84. gr. laganna.

- 9.2 Veiti sá er hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan eins og nánar greinir í 120. gr. váttryggingarsamningalaga.

#### 10. Ráðstafanir vegna slyss.

- 10.1 Slasaða ber að leita lækni strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum lækni.

- 10.2 Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.

- 10.3 Látist váttryggður af slysförum, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er.

- 10.4 Félagið hefur rétt til þess að láta fara fram krufningu á líki hins látna.

- 10.5 Þegar slys ber að höndum, er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða váttryggðan.

- 10.6 Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins, skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.

- 10.7 Félagið greiðir læknisvottorð sem aflað er að beiðni þess.

- 10.8 Sá sem rétt á til bóta úr váttryggingunni glatar þeim rétti ef ekki er gerð krafa um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga.

#### 11. Dánarbætur.

- 11.1 Valdi slys dauða váttryggðs innan þriggja ára frá slysdegi greiddast rétthafa dánarbætur að frádregnum bótum sem félagið hefur þegar greitt fyrir varanlegt líkamstjón, sbr. 12. gr., vegna sama slyss.

- 11.2 Hverjir eru rétthafar bóta og um ákvörðun bóta til sérhvers rétthafa, og eftir atvikum um bætur til dánarbús váttryggðs, fer eftir því sem nánar greinir í kjarasamningi þeim sem gildir um starf váttryggðs.

#### 12. Bætur fyrir varanlegt heilsutjón.

- 12.1 Ef slys veldur váttryggðum varanlegu heilsutjóni (nefnt varanleg örorka í kjarasamningi) innan þriggja ára frá því að slysið varð, skal greiða bætur fyrir tjónið sem metið skal til stiga samkvæmt töflum um miskastig sem gefnar eru út af örorkunefnd, sbr. 3. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum.

## 380 Slysátrygging launþega

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Skal matið miðast við heilsufar váttryggðs eins og það er þegar það er orðið stöðugt. Heilsutjónið (örorkan) skal aldrei metið til fleiri stiga en 100 vegna afleiðinga hvers tjónsatviks.

- 12.2 Um váttryggingarfjárhæð og ákvörðun bóta fyrir varanlegt heilsutjón fer nánar eftir því sem greinir í viðkomandi kjarasamningi.
- 12.3 Örorkubætur greiðast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina, nema öðruvísi sé fyrir mælt í kjarasamningi. Við útreikning örorkubóta skal ekki tekið tillit til örorku sem var til staðar fyrir slysið.
- 12.4 Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgt eftirfarandi reglum:
  - a) Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til bóta fyrir varanlegt heilsutjón. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal meta heilsutjón með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.
  - b) Varanlegt heilsutjón skal meta í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið, að heilsufar sé ekki orðið stöðugt getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu mati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
  - c) Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast, skal undantekningarlaust framkvæma mat á heilsutjóni í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að meta tjónið eins og gera má ráð fyrir að það verði endanlegt. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með lækni meðferð eða þjálfun, og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
  - d) Ef váttryggður andast áður en varanlegt heilsutjón er metið greiðast engar bætur fyrir slíkt tjón.

### 13. Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku – dagpeningar.

- 13.1 Valdi slys tímabundnum missi starfsorku, greiðir félagið dagpeninga þá, sem í gildi voru á slysdegi.
- 13.2 Dagpeningar greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá þeim degi, sem ákveðinn er í skírteininu og þar til hinn slasaði verður vinnufær eftir slysið, þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma, sem tilgreindur er í skírteininu, og eigi fyrir tímabil að loknum þremur árum frá slysdegi. Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna, sem fyrir liggja.
- 13.3 Dagpeningar greiðast váttryggingartaka meðan hann greiðir váttryggðum laun samkvæmt kjarasamningi, en síðan váttryggðum.
- 13.4 Um fjárhæð dagpeninga og uppgjör þeirra fer að öðru leyti eftir því sem greinir í viðkomandi kjarasamningi.

### 14. Bætur vegna tannbrots.

- 14.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum, sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 500.000 krónur vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á hverju váttryggingartímabili takmarkast við 750.000 krónur. Fjárhæðir þessar miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í febrúar 2008 (282,6 stig) og hækka í byrjun hvers almanaksárs í réttu hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölunni.
- 14.2 Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem ber að höndum þegar váttryggður matast. Þá bætist ekki tjón svo sem vegna brota á tönnum við vinnuslys eða vegna annarra atvika að því marki sem það bætist af opinberum tryggingastofnunum samkvæmt lögum um almannatryggingar og reglugerðum um þátttöku hins opinbera í kostnaði við tannlækningar.

### 15. Greiðsla bóta og vextir.

- 15.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 123. gr. váttryggingarsamningalaga.

### 16. Fyrning.

- 16.1 Kröfur sem falla undir váttryggingu þessa fyrnast samkvæmt ákvæðum laga um váttryggingarsamninga og eftir atvikum laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.



## 380 Slysátrygging launþega

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

#### 17. Meðferð ágreiningsmála. Varnarþing.

- 17.1 Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum skv. íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.
- 17.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu og á heimasíðum félagsins ([www.tm.is](http://www.tm.is)) og Fjármálaeftirlitsins ([www.fme.is](http://www.fme.is)).
- 17.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.

#### Skráning í tjonagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjonagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppfléttingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjonagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjonþola, tjon snúmer, tegund vátryggingar og tjon s, dagsetning tjon s og skráningar, staðsetning tjon s og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjon s fær félagið yfirlit yfir öll tjon sem tjonþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjonagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjon og vinna að tjonauppgjöri hafa aðgang að tjonagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjonagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

#### SKILDAGI.

#### Nr. 1. Persónulegir munir.

Verði starfsmaður vátryggingartaka fyrir tjon á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu, svo sem úrum, gleraugum o.s.frv. (og svo framvegis), bætir félagið það tjon samkvæmt mati. Slík tjon verða einungis bætt, ef þau verða vegna óhappa á vinnustað og fást eigi bætt úr annarri tryggingu. Eigi skal bæta slík tjon, ef þau verða sannanlega vegna gáleysis eða hirðuleysis starfsmanns. Hámarksbætur fyrir hvern starfsmann vegna hvers tjonatviks og samanlagt á vátryggingartímabilinu eru, ásamt eigin áhættu í hverju tjonstilviki, tilgreindar á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.